

Að taka viðtal við orð

Markmið: að efla orðafora og hugtakaskilning.

Þjálfar nemendur í að:

- Nýta eigin bakgrunnsþekkingu
- Álykta
- Rökstyðja
- Nota orðabækur
- Vinna saman
- Fara eftir leikreglum



Kennsluaðferð: spurningakeppni sem felur í sér samvinnu og upplýsingaleit.

Viðfangsefni: að leita að upplýsingum um orð og setja fram í rituðu og töluðu máli.

Kennslugrein: íslenska, samfélagsfr- og raungreinar.

Gögn: orðabækur, orðaskýringar, skráningarblað, skriffæri.

Undirbúningur kennarans: kennari velur orð, skipta í lið.

Framkvæmd:

- Kennarinn skiptir í lið og lætur hvort lið fá lista af orðum
- Kennarinn spyr liðin spurninga um orðin sem þau hafa fengið
- Nemendur svara spurningunum í 1. Persónu þ.e. þeir ganga inn í hlutverk orðsins
- Þeir sem ekki eru í liði eiga að geta upp á um hvaða orð verið er að spyrja
- Svör liðanna eru metin.
- Þeir sem eru með bestu skilgreininguna vinnur

Að taka viðtal við orð

Dæmi um spurningar og svör nemenda

Ertu karlkyns eða kvenkyns ?

- Ég er kvenkynsorð

Ertu mikið notuð í skólastarfi?

- Já ég er vinsæl en það þyrftu að vera til fleiri eintök af mér.

Telur þú þig nauðsynlega allsstaðar?

- Já ég nýtist í öllu þjóðfélaginu.

Hvað líkar þér ekki og hvers vegna?

- Mér líkar ekki þegar fólk misnotar mig.

Hvað þykir þér vænt um? Hvers vegna?

- Þegar ég er notuð til að auðvelda fólki nám og vinnu og sem umbun af því að ég get verið svo skemmtileg.

Hverjir eru draumar þínir?

- Að sem flestir pikkuðu í mig oft á dag.

Svar: Tölva